

Erindi til umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar

b.t. Gunnar Kristinn Ottósson, starfsmaður ráðsins.

Óskað er eftir að eftirfarandi erindið verði tekin fyrir á fundi hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjanesbæjar. Jafnframt er óskað eftir staðfestingu á móttöku þessa og að erindinu verði svarað með formlegum hætti.

Furudalur 3.

Varðar fyrirhugaða uppbyggingu einbýlis að Furudal 3. Viðkomandi lóð var úthlutað til lóðarhafa þann 3. September 2021 sl. og nú rúmum 17 mánuðum síðar hafa engar framkvæmdir hafist að hálfu lóðarhafa. Samkvæmt úthlutunarskilmálum skal lóðarhafi hefja framkvæmdir innan 9 mánaða frá því að úthlutun fer fram.

Furudalur 3 er nú eina óbyggða lóðinn innan göturamma Lerkidals, Grenidals og Furudals. Hér með er óskað eftir að umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar beiti sér fyrir því að byggingar framkvæmdir við Furudal 3 hefjist eins hratt og auðið er, ellegar láti úthluta lóðinni aftur til aðila sem í raun hyggst hefja byggingar framkvæmdir nú þegar.

Ekki er ásættanlegt að íbúar Lerki,-Greini og Furudals þurfi að búa við það ónæði og hávaða sem fylgir nýbyggingum íbúðahúsnæði næstu árin.

Erindi sama efnis var sent umhverfis- og skipulagssviði Reykjanesbæjar þann 11. Júlí 2022 sem almennt erindi og óskaða eftir staðfestingu móttöku þess erindis. Enn hefur ekkert svar hefur borist.

Dalsbraut 30

Varðar lagningu bifreiða í göturamma Furudals. Íbúar að Dalsbraut 30 nota götuna Furudal sem bílastæði að staðaldri. Almennt er 5-9 bílum lagt samsíða í götunni fyrir undan Furudal 30, utan lóðarmarka lóðarinnar. Þetta skapar m.a. hættu fyrir almenna bílaumferð um Furudal og óþarfa þrengsli í götunni. Svipað vandamál er uppá teningnum fyrir framan Reynidal 1.

Mikil vandræði sköpuðust t.d. nú í vetur við snjó hreinsun og mokstur, þar sem nokkrum bílum var lagt í göturammanum framan við húsið að Furudal 30. Þetta ástand varð m.a. til þess að þessi gatnamót voru alveg lokuð um tíma, og einnig var mjög þungfært um gatnamótin Geridal / Greindal og voru íbúar hverfisins nánast lokaðir inni.

Óskað efir að settar verði upp merkingar um bann við að leggja í götunni með viðeigandi merkingum og gulum kansteinni. Þetta á bæði við um Dalsbraut og Reynidal, sjá nánar eftirfarandi skýringarmynd.



mynd 1, bifreiðastöður utan lóðamarka, Furudalur 30 og Reynidalur 1